

Fundurgerð nr 22

Skólaráðsfundur 4.apríl.2017

Klukkan 16.00.

Mættir eru : Bryndís Baldursdóttir, Lilja Össurardóttir, Helga Jóhanna Úlfarsdóttir, Bolette Höeg Koch, Haukur Arnarson, Jón Ágúst Haraldsson, Lilja Loftsdóttir, Kjartan H. Ágústsson sem ritar fundargerð.

Dagskrá

1. Skólalagatal 2017-2018 . Bolette fór yfir dagatalið og útskýrði starfsdaga. Vetrarfrí í lok febrúar er í samráði við Flúðaskóla. Helga benti á að gott væri að byrja ekki á mánudegi þar sem fyrsta kennsluvikan yrði löng þegar það væri gert. Lilja Loftsd. nefndi að óþægilegt væri að fyrri foreldradagur væri strax eftir réttir.
2. Heilsueflandi skóli. Kjartan sagði frá lífshlaupinu. Lilja Össurar. nefndi að það hefði þurft að vera skýrara að styttri tími hefði verið hjá nemendum tvær vikur en hjá starfsfólki í 3 vikur.
3. Önnur mál. Innra mat. Læsisstefnan Bolette sagði frá því að verið væri að vinna að sameiginlegri læsisstefnu leik- og grunnskóla. Skýrslan verður send út þegar hún verður tilbúin.

Helga nefndi að gott væri að vera laus við skráningu t.d. á lestri í fríum t.d. páska- og sumarfríum.

Lilja Össurar. nefndi facebook sem viðbót við aðrar upplýsingar frá skólanum . Kemur ekki í staðinn fyrir það sem nú er. Vildi gjarnan fá fleiri myndir af t.d. árshátíð. Kostir facebook m.a. að foreldrar geti fylgst betur með hvað krakkarnir eru að gera. Krakkarnir meira til að ræða hvað gert hafi verið í skólanum.

Bolette benti á að erfitt væri að fylgjast með leikskólanum eftir að heimasíðunni þar var lokað.

Rætt um Dale Carnegie Jón Ágúst sagði frá. Rætt um kynningu og að sums staðar hafi sveitarfélög tekið þátt í kostnaði og huga mætti að hvort hægt væri að bjóða upp á slíkt í skólanum.

Fundi slitið kl. 16.45.